

Alþingi  
Erindi nr. P 131/603  
komudagur 13.12.2004



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um græðara, 246.mál. (Þskj. 257-246. mál).  
Svar skal berast Heilbrigðis- og tryggingarnefnd eigi síðar en 10. desember.**


Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur kynnt sér ofangreint frumvarp til laga og sendir hér athugasemdir sínar.


FÍN hefur í meginatriðum ekki athugasemdir við frumvarpið.

FÍN bendir þó á að sem fyrirbyggjandi aðgerð mætti koma í reglugerð um frjálst skráningakerfi fyrir græðara, greinar 3 (skilyrði fyrir aðild félags að skráningakerfinu) og 5 (skilyrði fyrir skráningu græðara) eftirfarandi texti: Skilyrði fyrir skráningu er að einstaklingur má ekki hafa verið uppvís af því að brjóta gegn lögum græðara eða hafa aðhafst eitthvað annað í starfi sem er andstætt góðum starfsháttum (sbr. 8 gr. afturköllun skráningar).

Einnig þykir FÍN vanta ákvæði um ábyrgð á “gestagræðurum” (oft erlendir aðilar) sem koma og hafa stutta viðdvöl hérlendis, en halda úti námskeiðum af ýmsum toga á meðan á dvöl þeirra stendur (sbr. 5 gr. skilyrði fyrir skráningu græðara).

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga

  
Ina Björg Hjálmarsdóttir  
formaður FÍN

  
Sigríður E. Elefsen  
fh.heilbrigðisnefndar FÍN